

Miðvikudaginn 14. desember 1983

Nr. 216/1982. **Verslunarfélag Austurlands s.v.f.**

gegn

Garðari Rúnari Sigurgeirssyni
vegna Borgarkjörs.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. nóvember 1983 samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Barst kærán Hæstarétti 28. nóvember 1983.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm um dráttarvaxta-kröfuna, svo sem henni er lýst í greinargerð í héraði.

Í stefnu krafðist sóknaraðili dráttarvaxta af hinum umstefndu víxilfjárhæðum án þess að marka kröfuna nánar með því að tilgreina ákveðinn vaxtafót eða með öðrum ótvíræðum hætti. Sú kröfugerð fullnægði ekki skilyrðum c liðar 88. greinar laga nr. 85/1936, sbr. 22. grein laga nr. 28/1981. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða frávísunardóms ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. nóvember 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. október sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 5. sept. 1983, af Verslunarfélagi Austurlands s.v.f., Fellahreppi, nnr. 9173-4044, gegn Garðari Rúnari Sigurgeirssyni, Hjallabraut 76, Hafnarfirði, nnr. 2524-0472, eiganda firmans Borgarkjörs í Reykjavík, nnr. 1380-3412, til greiðslu skuldar skv. fjórum víxlum, samtals að fjárhæð kr. 81.967.73 auk dráttarvaxta af víxlum þessum frá gjalddaga þeirra til greiðsludags, banka- og stimpilkostnaðar, kr. 328.00, og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera skv. fjórum víxlum, sem séu allir út gefnir af stefnanda og framseldir til greiðslu af stefnda sem hér segir:

<i>Útgáfudagur</i>	<i>Gjalddagi</i>	<i>Fjárhæð</i>	<i>Greiðslustaður</i>
30.12.82	28.02.83	20.000.00	Landsb. Ísl., Seyðisf.
24.01.83	18.03.83	14.540.00	Búnaðarb. Ísl. Egilsst.
30.12.82	30.03.83	25.000.00	Verzlunarb. Ísl., Rvík.
10.02.83	13.04.83	22.427.73	Búnaðarb. Ísl. Egilsst.

Stefnandi kveður stefnda hafa marglofað að greiða víxla þessa, en staðið hafi á efndum.

Á reglulegu bæjarþingi þann 18. október sl. var máli þessu vikið til venjulegrar meðferðar, og stefnandi skilaði síðan greinargerð þann 25. okt. sl.

Í greinargerðinni kemur fram, að í stefnukröfum sé átt við hæstu lögleyfðu dráttarvexti (vanskilavexti), eins og þeir séu ákveðnir á hverjum tíma af Seðlabanka Íslands, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961, sbr. 33. gr., svo og ákvæði 7. kafla laga nr. 13/1979 með áorðnum breytingum skv. 2. og 3. gr. laga nr. 10/1981, og breytir stefnandi kröfugerðinni í samræmi við það.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Eins og fram hefur komið, krefur stefnandi í stefnu um dráttarvexti af framalögðum víxlum frá gjalddaga þeirra til greiðsludags. Vaxtakrafan þannig fram sett verður að teljast vanreifuð, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936. Úrbætur á kröfugerð, sem gerðar eru í greinargerð, hafa ekki heimild í stefnu, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936. Verður því að vísa vaxtakröfunni frá dómi ex officio.

Málskostnaður biður endanlegs dóms.

Dóminn kvað upp Lilja Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Vaxtakröfu stefnanda er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður biður endanlegs dóms.